

Sent landbúnaðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 22. mars 2004
2004030017/42-1
SB/hj

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt

Við er til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 11. mars þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu er tilgangur frumvarpsins sagður vera að skýra og samræma íslensk lagaákvæði um plöntuyrki við EB reglugerð nr. 2100/94, við Alþjóðasamning um vernd nýrra yrkja og til samræmis við frumvarp um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi.

Náttúrufræðistofnun Íslands býr ekki yfir sérfræðilækkingu á efni umrædds frumvarps en vill þó benda á eftirfarandi:

1. Að gætt verði að frumvarpið samræmist ákvæðum alþjóðlegra samninga sem tryggja skulu aðgengi að erfðauðlindum svo, sem Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni og Alþjóðasamning um erfðauðlindir í landbúnaði. Í fyrrnefnda samningnum er m.a. ákvæði um „aðgengi að erfðauðlindum og réttláta skiptingu arðs af þeim“ (Access to genetic resources and benefit-sharing) sem útfært hefur verið í svokölluðum Bonn-reglum (Bonn Guidelines). Í Bonn-reglunum er t.d. ákvæði (C, iii) um að hindra skuli eftir föngum að einkavæðing og önnur not erfðauðlinda komi í veg fyrir hefðbundna notkun (sbr. „Seek to ensure that the commercialization and any other use of genetic resources should not prevent traditional use of genetic resources“). Náttúrufræðistofnun leggur því til að landbúnaðarnefnd feli sérfræðing í alþjóðlegum umhverfisrétti að lesa frumvarpið yfir og bera saman við m.a. ofangreinda samninga til að tryggja samræmi.

2. Þegar íslensk þýðing frumvarpsins er borin saman við enska útgáfu reglugerðar nr. 2100/94 gætir sums staðar nokkurrar ónákvæmni, sbr.:

Í 1.gr., 2. mgr. segir: „Í lögum þessum er hugtakið yrki notað um plöntuhópa sömu tegundar eða undirtegundar samkvæmt nákvæmstu þekktu flokkun

grasafræðinnar sem..“ Þarna ætti, samkvæmt enskri útgáfu reglugerðarinnar, að standa eitthvað á þessa leið: „Í lögum þessum er hugtakið yrki notað um plöntuhóp innan lægstu flokkunareiningar grasafræðinnar sem...“ (sbr., „For the purpose of this Regulation, 'variety' shall be taken to mean a plant grouping within a single botanical taxon of the lowest known rank“).

Í 1. gr., 4.mgr. segir: „Birting eiginleika skv. 2. mgr. getur verið stöðug eða breytileg milli sams konar stofnþátta yrkis að því tilskildu að breytileiki ráðist einnig af arfgerð eða samvali arfgerða“. Þarna vantar að skjóta inn „lið a.“ eftir „2. mgr.“ til að skýra nákvæmlega við hvað er átt.

Í 1. lið, 2. gr. laganna er talað um að yrkisrétt megi veita ef yrki er: „1. greinilega sérstætt, þ.e. ef unnt er að greina það með skýrum hætti[leturbreytingar Náttúrufræðistofnun] frá öðrum yrkjum sem þekkt eru á umsóknardegi, sbr. 2. mgr“. Þarna ætti að standa: „1. greinilega aðgreinanlegt með vísan til erfðaeinkenna (eða birtingar erfðaeinkenna) sem tjáð eru af tiltekinni arfgerð eða samsetningu arfgerða“ (sbr., „clearly distinguishable by reference to the expression of the characteristics that results from a particular genotype or combination of genotypes“). Arfbundin einkenni eru þarna lykilatriði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki tök á að fara nákvæmleg yfir frumvarpið með þessum hætti en leggur til að landbúnaðarnefnd feli góðum erfðafræðingi (t.d. Einari Mäntylä eða Birni L. Örvar hjá Orf hf) að bera það saman við frumtexta til að tryggja að þýðingin sé faglega nákvæm.

Virðingarfyllt

Snorri Baldursson,
aðstoðarforstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS